

BRENDA PREHAL

Fornleifaskráning vegna ljósleiðara og hitaveitu í Deildardal



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2020/233



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2020/233

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráningar.....	4
Aðferðarfræði	5
Fornleifaskráning	6
Heimildaskrá	11
Hnitaskrá.....	12

Inngangur

Sumarið 2020 fór fram fornleifakönnun og fornleifaskráning á Deildardal. Verkið var unnið af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir Skagafjarðarveitur. Vettvangsskráning fór fram þann 26. ágúst. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2357

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint kuml í landi Gröf raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2357-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda vegna hitaveitu og ljósleiðara í Deildardal 2020.

Við skráningu jarðstrengja eru skoðaðir 15m til beggja hliða út frá strenglögnum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmynd var fengin hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Fornleifaskrá

Gröf 2357-1

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Mögulegt Kumlateigur

Tegund: Mögulegt Kuml

Hættumat: **Mikil Hætta** - Fyrirhuguð lína fer beint í gegnum kumlið.

Staðhættir: Mögulegt kuml er um 170m norðvestur af bænum Gröf og leggur í skurði meðfram veginum.

Lýsing: Mögulegt kumlið er sporöskjulaga steinnsetning. Það er um 10m langt frá austri til vesturs og um 6m breitt frá norðri til suðurs. Það gæti líka verið leifar staurastæða. Burtséð frá því, þá verður að forðast það.



Mynd 1. Mögulegt kuml. Horft til norðausturs.



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Nýlendi 2357-2

Hlutverk: Minnismerki


Tegund: Steinn

Hættumat: **Hætta** – Minnismerkið er um 8m austan við fyrirhugaða línuleið.

Staðhættir: Minnismerkið er um 290 norðvestur af bænum og um 75m austan við veginn

Lýsing: „Þar er minnismerki um Ingólf Jónsson, síðasta bóndann á Nýlendi, reist af ættmennum hans of afhjúpað við athöfn 8. Agust 1992. Minnismerkið er steinn sem á hvílir hella með áletrudum skildi; „Til minningar um Ingólf Jónsson, bónda á Nýlendi 1956-1990. F. 6. 11. 1923, d. 27.08.1990.“²

² Pálsson 2014: 230



Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Nýlendi 1872-11

Sérheiti: Nýlendi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll og tjarnstæði/leiksvæði


Hættumat: **Lítill Hætta** – Gamli bæjarhóllinn er um 55m austan við fyrirhugaða línuleið og tjararstæði/leiksvæði er um 30m autan við.

Staðhættir: Gamli bæjarhóllinn á Nýlendi liggur 50m norður af steinsteypu íbúðarhúsi. Þar stóð gamli torfbærinn fram til 1944 er núverandi íbúðarhús var byggt.³

Lýsing: Bæjarhóllinn er óreglulegur að lögun um 55mx45m að stærð. Hann er nokkuð hár og í honum einhver veggjalög en nánari lögun var óglögg vegna mikils gróðurs. Í bæjarhúsaröðinni voru m.a. baðstofa, fjós, hesthús, hlóðaeldhús og skemma.⁴ Línurnar verður plægður niður fast við þar sem greina má útmörk hólsins í sléttuðu túni.

³ Pálsson 2014: 226; Zoëga 2017: 15

⁴ Pálsson 2014: 226; Zoëga 2017: 15



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Brúarland 1872-5

Sérheiti: Brúarland

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Hættumat: **Mikil Hætta** - Íntak fyrir rafstreng er inn í húsið á sama stað og mögulegar leifar forns bæjar fundust.⁵

Staðhættir: Í Byggðasögu Skagafjarðar (7. bindi, bls. 215) segir: „[...] Fornar minjar fundust einnig skammt norðan við núverandi íbúðarhús. Þegar Kristján Runólfsson handgróf þar skurði fyrir skólplögn virtist honum sem hann kæmi niður á öskuhaug. Fann hann þar forna gripi, borna nál úr kopar og einnig tvískipta sörvisperlu [...] mögulegt er að bærinn hafi í fyrstu verið þar sem íbúðarhúsið er nú. Úr þessu fæst ekki skorið nema með fornleifauppgrefti norðan við íbúðarhúsið en frárennislögnin þar sem munirnir fundust undir er enn greinileg í landinu.“

Auk þessa fundust mannvistarleifar við suðaustur enda hússins þegar grunnur þess var grafinn. Mannvistarleifar fundust í skurðinum 2017 en ekki var hægt að staðfesta aldur á þeim þar sem svæðið var mjög rótað.⁶

Lýsing: Þann 26.06.2017 var, að fenginni umsögn minjavarðar Norðurlands vestra, skoðað í um 5m langan og 70cm djúpan lagnaskur skurð sem grafinn var til vesturs frá vesturgafli íbúðarhússins á Brúarlandi [1875-5 í skýrslu]. Í skurðinum kom í ljós að jarðvegur upp við húsið var mjög rótaður og lítið hægt að lesa úr jarðlögum. Uppi við húsið voru rótuð ruslalög sem virtust ekki ýkja forn. Oljós ummerki voru um eldri mannvistarlög, móösku og kol, en ekki var hægt að aldursgreina þau frekar. Á um 30-50cm dýpi var komið niður á forsögulega gjósku og undir henni var mýrarjarðvegur. Skoðun skurðarins skar því ekki úr um hvort þarna er að finna elsta bæjarstæði Brúarlands en þarna hafa þó verið einhverjar eldri byggðaleifar verið áður en húsið var byggt.⁷

⁵ Pálsson 2014: 215; Zoëga 2017: 9

⁶ Pálsson 2014: 215; Zoëga 2017: 9

⁷ Zoëga 2017: 10

Brúarland 1872-4

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Þúst

Hættumat: **Hætta** – Fjárhúsið er um 9m norðan við fyrirhugaða línuleið.

Staðhættir: Í sléttuðu túni 145m suðaustur af núverandi bæ er ójafnt svæði í miðju túninu sem lítur út eins og tóftir sem slættað hefur verið úr. Nokkurt grjót er í hrúgu fyrir miðju túni en engir eiginlegir veggir greinanlegir. Rótaða svæðið er um 14x10m að stærð.⁸

Lýsing: Í örnefnaskrá Brúarlands er talað um fjárhús á svokölluðu Gerði en þar segir: „neðan við svokallaðan Bæjarhól er mýrlendur blettur, er nefnist Fit. Sunnan við hana er allstór túnblettur, er heitir Gerði. Þar var fjárhús“ (Örnefnaskrá, Þorgils Pálsson skráði, bls. 2). Þarna var mældur upp ferkantaður flötur en veggjum hefur verið rutt út og mynda þeir ólögulega hrúgu. Tóftalögun var því ekki skýr. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða samkvæmt lagalegum skilningi.⁹



Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Hálegsstaðir 1872-1

Sérheiti: Háleggstaðir

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Hleðsla

Hættumat: **Hætta** – Bæjarstæði seinasta torfbæjarins er um 17m sunnan við fyrirhugaða línuleið.

⁸ Zoëga 2017: 9

⁹ Zoëga 2017: 9

Staðhættir: 'Elsta bæjarstæði Háleggstaða lá um 120 ofan og sunnan núverandi bæjar og er ekki nærri framkvæmdasvæðinu. Bæjarstæði seinasta torfbæjarins liggur um 70m austan við núverandi íbúðarhús, í sléttuðu túni.'¹⁰

Lýsing: 'Bærinn var reistur 1927 og í notkun fram til 1952 þegar núverandi íbúðarhús var reist. Bærinn var rifinn það ár. Þarna er ferkantaður upphlaðinn húsgrunnur úr grjóti 11x12m að ummáli. Hæð húsgrunnsins var mest 70cm og greinanlegir veggir 1m á breidd. Dálitlar ójöfnur eru í kring um grunninn sem líklega tengjast notkunarskeiki bæjarins. Engar heimildir eru um eldri minjar þar sem bærinn stóð.'¹¹

Hálegsstaðir 1872-2

Sérheiti: Háleggstaðir

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil Hætta** – Línuleiðin mun liggja fast við suður útmörk fjóstóftar.

Staðhættir: 'Leifar fjóss sem tilheyrði torfbænum frá 1927 var vestan undir svokölluðum Klapparhóli um 30m norður af torfbænum sem byggður var 1927.'¹²

Lýsing: 'Leifarnar eru mjög illa farnar og grjóthleðslur úr lagi gengnar. Vegghleðslan var hæst 40cm en breidd veggja um 70cm.'¹³



Mynd 4. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

¹⁰ Pálsson 2014: 172-173; Zoëga 2017: 6

¹¹ Pálsson 2014: 172-173; Zoëga 2017: 6

¹² Zoëga 2017: 7

¹³ Zoëga 2017: 7

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Friðriksson, Adolf. "Social and Symbolic Landscapes in Late Iron Age Iceland." *Archaeologia Islandica* 7 (2009).

Pálsson, Hjalti, Egill Bjarnason, og Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar*. Ritstýrt af Hjalti Pálssyni. Vol. VII Hofshreppur. Skagfirsk Fræði. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagafirðinga, 2014.

Zoëga, Guðný. Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði. Report no. BSK 2017-189. Byggðasafn Skagafirðinga. 2017.

Örnefnaskrá

Örnefnaskrá, Brúarland. Þorgils Pálsson skráði.

Fornleifar á Deildardal – Hnitaskrá (ISN93)

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austan	Norðan
2357-1	Gröf	mögulegt kumlateigur	mögulegt kuml	800	1000	Mikil Hætta	í línuleið	482938	597296
2357-2	Nýlendi	Minnismerki	steinn	1992	1992	Hætta	8m	484119	598439
1872-11	Nýlendi	híbýli	bæjarhóll/tjarnastæði	900	1944	Lítill Hætta	30-55m	484302	598281
1872-4	Brúarland/Gerði	fjárhús	þúst	1800	1970	Mikil Hætta	9m	486301	596494
1872-5	Brúarland	bæjarstæði?	heimild	800	1200	Mikil Hætta	í línuleið	486151	596570
1872-1	Hálegsstaðir	bæjarstæði	húsgrunnur	1927?	1952	Hætta	17m	488268	595326
1872-2	Hálegsstaðir	fjós	Tóft	1927	1952	Mikil Hætta	0.3m	488280	595357